# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

*Deiliskipulag Reykjakots 2, Ölfusi.*

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. desember 2011 deiliskipulag fyrir Reykjakot 2, Ölfusi. Bæjarstjórn tók erindið aftur fyrir vegna undanþágu um fjarlægð frá Hengladalsá og umsagnar frá Skipulagsstofnun á fundi sínum 26. janúar 2012 og samþykkti breytt gögn. Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar til umhverfisráðuneytisins um að veita undanþágu frá fjarlægð að Hengladalsá, fyrir byggingarreit B1 og B2, vegna sérstöðu málsins. Umhverfisráðuneytið veitir, með bréfi sínu dagsettu 26. mars 2012, undanþáguna frá ákvæðum skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998, gr. 4.15.2 og gr. 4.16.2, þess efnis að byggingarreitur B2 sé minnst 19,75 m frá héraðsvegi nr. 376 og í minnst 43,55 m fjarlægð frá Hengladalsá.

Deiliskipulagið varðar tvo byggingarreiti fyrir íbúðarhús, B1 og B2.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 2. apríl 2012.*

**Sigurður Jónsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2012